



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2025
MSS23080029

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 13.3.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðgerðaáætlun um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. mars 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs sama dag á aðgerðaáætlun um trjáfellingar í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis, ásamt fylgiskjölum.

- Kl. 10:36 tekur Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir sæti á fundinum og Kjartan Magnússon vísar sæti.
- Kl. 11:07 vísar borgarstjóri af fundi.

Samþykkt.

Borgarfulltrúarnir Alexandra Briem, Andrea Helgadóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson, Guðný Maja Riba, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir og Sara Björg Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Ólöf Örvarsdóttir, Glóey Helgudóttir Finnsdóttir, Haraldur Sigurðsson og Þórólfur Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Vinstri grænna ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Við föllumst á áætlun um fellingu trjáa í Öskjuhlíð vegna flugöryggis sem kynnt var á fundinum. Við gagnrýnum um leið málsmeðferð ISAVIA og Samgöngustofu. Óskýrleiki hefur því miður einkennt ferlið sem hefur gert borginni erfitt fyrir. Sem dæmi má nefna að minnisblað ISAVIA frá september 2024 þar sem boðuð var lokun flugbrautar barst ekki borginni fyrr en í janúar 2025. Við teljum fulla ástæðu til að áréttu að skógurinn í Öskjuhlíðinni er mikilvægt upplifunar- og útivistarsvæði fyrir borgarbúa. Við munum gæta þeirra hagsmuna áfram samhliða því að standa vörð um flugöryggi. Verkferlar sem varða öryggi flugvallarins þurfa að vera skýrir hvað varðar alla aðila málsins. Við teljum enn fremur að eðlilegast sé að ríkið standi straum af kostnaði trjáfellingarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um trjágrísjun í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis var lögð fram í borgarráði 13. júlí 2023 eða fyrir réttum tuttugu mánuðum. Tillögunni var vísað til umhverfis- og skipulagsráðs 16. ágúst sama ár, þar sem henni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Umsögnin barst loks í vikunni



á vettvangi umhverfis- og skipulagsráðs, að tuttugu mánuðum liðnum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýna seinagang í málinu, en betur hefði farið á því að sýna snör viðbrögð enda hafa tafirnar haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjúkraflug um Reykjavíkflugvöll síðustu vikur.

Borgarráðsfulltrúi Framsóknar leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn fagnar því að fram sé komin aðgerðaáætlun sem tryggir rekstraröryggi flugvallarins. Reykjavíkflugvöllur gegnir lykilhlutverki í flugsamgöngum innanlands og tryggir ófrávíkjanlega hagsmuni landsmanna allra þegar kemur að sjúkraflugi. Framsókn telur eðlilegt að ríkið greiði þann kostnað sem af framkvæmdinni hlýst. Framsókn gagnrýnir stjórnsýslu Samgöngustofu í málinu og brýnir fyrir henni að gæta að reglum stjórnsýsluréttarins. Framsókn gerir alvarlegar athugasemdir við þá fullyrðingu meirihluta SPJFV í umhverfis- og skipulagsráði að framkvæmdin sé „ekki í þágu borgarbúa“. Að mati Framsóknar þjónar Reykjavíkflugvöllur öllum landsmönnum og þessi fullyrðing lýsir djúpri vanþekkingu á hagsmunum landsmanna þegar kemur að flugvellinum.

Áheyrnarfulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Viðreisnar fagnar því að áætlun og aðgerðir séu hafnar til að tryggja sjúkra- og áætlunarflug. Við áréttum þá skoðun okkar að sjúkra- og áætlunarflug sé tryggt á Reykjavíkflugvelli þangað til fundið er annað og betra flugstæði til framtíðar. Við leggjum áherslu á að einkapotum, þyrluflugi öðru en landhelgisgæslu og einka- og kennsluflugi sé fundin annar staður hið fyrsta. Dæmi um raunhæfar lausnir í því efni er að færa allt slíkt flug á fyrrverandi varnarliðsflugvöll á Miðnesheiði.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík